

Val - Listasmiðja - hö

Kennarar: Nada Borosak

10, 8, 9

Skólaárið

Haustönn 2023-2024

Helstu námsþættir vetrarins

Valgrein þar sem við leyfum sköpunargleðinni að njóta sín í þægilegu umhverfi. Kynnumst ýmsum leiðum í listsköpun, hefðbundnum aðferðum í bland við nýjar. Nemendur læra að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, útfæra verkefni á sinn hátt og hafa ánægju af. Fræðsla um efnisnotkun og ýmis tækni t.d. teiknun, málun, pappamassi, gler, leir, hönnun og endurnýtingu í listsköpun. Nemendur fá leiðsögn en vinna síðan sjálfstætt. Þeir vinna með eigin hugmyndir þannig að úr verði fullskapað verk.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn er fram að 7. janúar og fær hver nemandi 80 mínútur vikulega.

Námsaðlögun

Námsaðlögun við hæfi fyrir nemendur sem víkja frá að einhverju leiti; verkefnagerð með hliðsjón af einstaklingsbundnum þörfum þeirra.

Námsmat

Lögð er áhersla á virkni og skapandi vinnubrögð í kennslustundum. Hugmyndavinna og lokaafurð er metin ásamt lykilhæfni nemandans. Í lok skólaárs fá nemendur lokið/ólukið ásamt umsögn.

Námsgögn

Ýmis gögn sem kennari velur í senn.

AS Listasmiðja - valgrein '23 - '24

- **Hæfnieinkunn**
- lagt sig fram við námið og nýtt tímann vel
- farið eftir fyrirmælum
- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni